

ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 19. júní 1995

um tilflutning á sviði flugrekstrar(*)**(95/C 169/02)****RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,**

sem tekur tillit til eftirfarandi:

Ráðið hefur þegar lagt áherslu á nauðsyn þess að flugrekstur nái að skila hagnaði og framleiðni í nægilega ríkum mæli til þess að vera lífvænlegur í efnahagslegu tilliti og samkeppnishæfur á heimsmarkaði.

Í ályktun sinni frá 24. október 1994 um aðstæður í evrópsku almenningssflugum (1) áleit ráðið að rannsaka bæri áhættu samfara því að nota hentifána og önnur föng en bandalagsins.

Öllum aðildarríkjunum ber að beita ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23. júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum (2), sem varða leigu, á einsleitann hátt.

Hugsanleg notkun annarra fanga en bandalagsins styður enn frekar nauðsyn þess að semja heildarsafn almennra tæknistaðla til þess að viðhalda öryggi í almenningssflugum.

Bandalaginu ber við mótnun félagsmálastefnu sinnar að taka mið af séreinkennum á sviði flugrekstrar, einkum áhrif tilflutnings starfsemi.

Notkun annarra fanga en bandalagsins gefur þriðju löndum færi á aðgangi að innri markaðinum sem ber að skoða í ljósi samskipta við viðkomandi lönd.

VEITIR ATHYGLI áformum framkvæmdastjórnarinnar að kanna hvaða félagsleg áhrif frelsi á sviði flugrekstrar hefur í för með sér.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún sendi sér niðurstöður könnunarinnar um afleiðingar frelsis í flugrekstri, eins fljótt og auðið er, auk þess sem það fer fram á að tekið sé á vandamálinu um notkun annarra fanga en bandalagsins, eins og um getur í ályktuninni frá 24. október 1994. Í könnuninni, sem er í framhaldi af skýrslu vísdomsmannanefndarinnar (Comité des Sages) og skýrslu ráðgjafarfyrirtækja í einkaeign sem framkvæmdastjórnin óskaði eftir 1992, ber einkum að rannsaka:

- hve algengur tilflutningur á starfsemi er og raunverulegar og hugsanlegar afleiðingar hans fyrir atvinnu og atvinnuástand á sviði flugrekstrar í bandalaginu,
- starfshætti sem nú tíðkast í fyrirtækjum í flugrekstri í bandalaginu varðandi notkun annarra fanga en bandalagsins,
- innlendar reglugerðir og stjórnsýslureglur sem gilda um notkun annarra fanga en bandalagsins.

FER ÞESS Á LEIT við framkvæmdastjórnina að hún kanni með hvaða hætti ákvæðum reglugerðar (EBE) nr. 2407/92 varðandi leigu á öðrum föngum en bandalagsins er beitt og semji leiðbeiningar, ef þurfa þykir, sem gerir mögulegt að beita þeim á einsleitann hátt, einkum að því er varðar:

- hugtökin „skammtímaþarfir“, „undantekningartilvik“ og „jafngildir öryggisstaðlar“,
- skilyrði fyrir því að flugfélög í bandalaginu geti notað loftför, sem eru skráð í bandalaginu, þegar skráningarríki hefur fengið þriðja landi í hendur ábyrgð á tæknilegu eftirliti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. C 169, 5. 7. 1995, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/95 frá 15. desember 1995 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 309, 5. 11. 1994, bls. 2.

(2) Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.